



VESTURBYGGÐ

Áhersla á læsi og lesfimi í skólastarfi Vesturbyggðar

Í skólustefnu Vesturbyggðar hefur lestur, lestrarþjálfun, læsi og lesskilningur verið sett frammar öðrum viðfangsefnum í skólastarfinu. Færni í lestri er grundvallarundirstaða fyrir nám og starf og þarf að þjálfra alla skólagönguna. Að ná góðum tókum á lestri og læsi er einn mikilvægasti þátturinn í námi barna frá því að skólagangan hefst og þar til skyldunámi lýkur við lok grunnskólans.

Mikilvægt er að sameinuð læsisstefnu Vesturbyggðar sé nemendum, kennurum, starfsfólki og forráðamönnum barnanna vel kunn, það séu skýr markmið sem eru mælanleg og að henni sé fylgt eftir.

Meginmarkmið sameinaðar læsisstefnu

- Að allir nemendur í Vesturbyggð geti lesið sér til gagns og gamans áður en grunnskólagöngu lýkur.
- Að mælanlegar framfarir verði á framförum leikskóla og grunnskólabarna næstu fimm árin.

Grunnurinn er lagður í leikskólanum

Leikskólinn gegnir stóru hlutverki við að efla málþroska barna sem undanfara lesturs. Á hverjum degi er unnið með hljóðkerfisvitund, málskilning, stafina og almenna málörvun í gegnum leik og samskipti við börnin.

Meginmarkmið leikskólans

- Að við lok leikskólans séu börnin vel undirbúin fyrir markvissa áframhaldandi lestrarkennslu.
- Að markviss málörvun hafi farið fram í fjölbreyttu málörvunarumhverfi.
- Að gripið sé strax inn í ef einhver merki eru um lestrarörðugleika nemenda í leikskólanum og hlúð að grunninum.

Grunnskólinn leggur megináherslu á læsi og lesfimi

Í grunnskólanum er lögð megináhersla á lesfimi og að nemendur verði ekki aðeins tæknilega læsir heldur fái einnig markvissa þjálfun í læsi og lesskilningi. Áhersla er lögð á hljóðaaðferð sem er sú kennsluaðferð sem unnið er með í skólum Vesturbyggðar. Kennarar koma til móts við einstaklingsþarfir barna og skipuleggja lestrarnámið eftir þörfum hvers einstaklings.

Meginmarkmið grunnskólans

- Að allir nemendur geti notið skólagöngunnar með góðan lestrargrunn að vopni.
- Að hver nemandi nái sínum markmiðum og að kennarar, foreldrar og barnið sjálft sé upplýst um framfarir sínar.
- Að komið sé til móts við þarfir nemenda og byggt ofan á traustan grunn.

Ábyrgð samfélagsins er mikil

Við berum öll ábyrgð á að undirbúa unga nemendur undir það að verða læs og geta notið lestrar. Hér eru nokkur ráð til forráðamanna.

- Hafa bækur við höndina, skoða myndir og ræða saman - hver á sínu móðurmáli. Með auknum þroska lengjast bækurnar og textinn verður flóknari.
- Að gefa sér tíma til að lesa fyrir börnin á heimilinu.
- Að sinna heimalestri.

Markmið með **heimalestri** er að börn æfist í lestri, auki leshraða, bæti við orðaforða og efla málskilning.

Leiðir og aðferðir

Leik og grunnskólar Vesturbyggðar hafa sett sér ítarlegar leiðarlýsingar um hvernig læsisstefnum skólanna er komið í framkvæmd. Þær má finna á heimasíðum þeirra. Þar er gerð grein fyrir stefnu og áherslum við lestrarundirbúning og kennsluaðferðum og hvernig komið er til móts við þarfir nemendur með lesraskanir og íslensku sem annað tungumál.

Viðmið og áætlun um fyrirlögn skimana

Til að merkja árangur þeirra breytinga sem verða í kjölfar aukinnar áherslu á læsi er nauðsynlegt að setja viðmið um árangur. Við upphaf læsisstefnu grunnskóla Vesturbyggðar eru upphafsviðmið um lestrarhraða grunnskólabarna í Vesturbyggð byggð á 10 ára meðaltali niðurstöðu lestrarprófana. Markmiðið er að á næstu 5 árum verði læsisátakið til þess að bætt verði um betur og lestrarhraði verði ekki meira en +/- frá almenna lesfimiviðmiði menntamálastofnunar um lestrarhraða

| | Vesturbyggð Viðmið – lesin atkvæði á mínútu. Byggð á meðaltali undanfarandi 10 ára í GV 2016 | Að nemendur Vesturbyggðar verði ekki meira en +/- 10% frá lesfimiviðmiðum MMS og verði árið 2021 |
|----------------------|---|---|
| 1. bekkur | 40 | 80 |
| 2. bekkur | 95 | 130 |
| 3. bekkur | 140 | 170 |
| 4. bekkur | 170 | 200 |
| 5. bekkur | 200 | 230 |
| 6. bekkur | 250 | 260 |
| 7.-10. bekkur | 250 | 300 |

Lesfimiviðmið Menntamálastofnunar. Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu. Byggð á niðurstöðum úr lesfimiprófum *Lesferils* í maí.

| | 90% viðmið | 50% viðmið | 25% viðmið |
|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| 1. bekkur | 20 | 55 | 75 |
| 2. bekkur | 40 | 85 | 100 |
| 3. bekkur | 55 | 100 | 120 |
| 4. bekkur | 80 | 120 | 145 |
| 5. bekkur | 90 | 140 | 160 |
| 6. bekkur | 105 | 155 | 175 |
| 7. bekkur | 120 | 165 | 190 |
| 8. bekkur | 130 | 180 | 210 |
| 9. bekkur | 140 | 180 | 210 |
| 10. bekkur | 145 | 180 | 210 |

Lestrarhraði segir ekki alla söguna - á yngri stigum eru það aðrar mælingar sem segja til um hvort inn gripum skuli beitt. Hverjar framfarirnar eru þegar kemur að hljóð og málvitund Líkum á sértækum lestrarörðugleikum og leshraða, lesskilningi og aðra lestrartengda færni svo eitthvað sé nefnt.

Fyrirlögn skimana - áætlun

Bæði leik- og grunnskólar Vesturbyggðar hafa sett sér ítarlega áætlun hvenær skimanir og próf eru lögð fyrir til þess að tryggja snemmtæka íhlutun og stuðning. Enda skiptir það höfuðmáli að framfarir séu mældar reglulega og gripið sé inni í ef framfarir eru ekki að skila sér með eðlilegum hætti. Það er á ábyrgð skólastjóra og leikskólastjóra að sjá um að matinu sé fylgt eftir.

| Aldur/ bekkur | September | Október | Nóvember | Desember | Janúar | Febrúar | Mars | Apríl | Maí |
|------------------|-----------|--------------------------|---------------------------|-------------------------|-----------|---------|------|---------|-----------|
| 3 ára | | | Íslenski proskalistinn | | | | | | |
| 5 ára | | SSP | HLJÓM 2 | | SSP | | SSP | HLJÓM 2 | |
| 1. bekkur | Lesferill | Lesferill - lesskimun | Tove Krogh | Yfirlitspróf lesturs | Lesferill | | | | Lesferill |
| 2. bekkur | Lesferill | | | | Lesferill | | | | Lesferill |
| 3. bekkur | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill | Logos | | Orðarún | Lesferill |
| 4. bekkur | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill |
| 5. bekkur | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill |
| 6. bekkur | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill | Logos | | Orðarún | Lesferill |
| 7. bekkur | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill |
| 8. bekkur | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill |
| 9. bekkur | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill | GRP 14h | | Orðarún | Lesferill |
| 10. bekkur | Lesferill | | | Orðarún | Lesferill | Logos | | Orðarún | Lesferill |

Lokaorð

Þessi sameiginlega læsisstefna verður kynnt í skólasamfélaginu. Það er von okkar að með því að framfylgja þessari læsisstefnu muni börnin okkar styrkjast og eflast í lesfimi og fá notið skólagöngunnar með sterkri og góðri undirstöðu í læsi.

Undirritun.

Stjórnir nemendafélaga, stjórnir foreldrafélaga, kennarar, skólaráð, skólastjórar,
fræðslustjóri og formaður fræðsluráðs.